

Kvæðasafn Krístrúnar Jónsdóttur (1806–1881). Lbs 4732 4to.



Krístrún Jónsdóttir. Mynd: Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands, Mms-35207.

Krístrún Jónsdóttir (1806–1881) er sennilega frægasta svikna unnustan á Íslandi enda var unnustinn sem sveik hana, Baldvin Einarsson, óskabarn þjóðarinnar og vonarstjarna. Hann lést ungur í bruna í Kaupmannahöfn en hafði áður orðið hált á svelli lystisemdanna þar í borg. Færri vita að Krístrún giftist á endanum, eignaðist börn og lifði í ástríku hjónabandi. Eigi að síður virðist sem hún hafi alla tíð syrgt sinn fyrri unnusta.

Krístrún var dóttir Þorgerðar Runólfsdóttur og séra Jóns Jónssonar í Stærra-Árskógi. Hún var skáldmælt og á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er varðveitt eiginhandarrit af kvæðum hennar (Lbs 4732 4to (I. hluti)). Ekki er handritið mikið að vöxtum en það sýnir að Krístrún var prýðilegt skáld. Hér á eftir kemur úrval úr kvæðasafni Krístrúnar. Vert er að geta þess að þar eð kvæðin eru á lausum blöðum vill röð þeirra riðlast í hvert sinn sem einhver fer höndum um handritið.

Guðrún Ingólfssdóttir, janúar 2026.

1.

Ætlið þið ekki að yrkja betur
eftir hann Jónas Hallgrímsson?
Einn er liðinn og annar vetur
alltaf bíður hún gamla von
þolinmóð eftir þessum söng
þykir samt orðin biðin löng.

Það var satt Gellir gjörði bögur
góðar sum staðar eftir hann
ein þeirra var samt ofur mögur
um þvílíkt skáld og prýðismann
taktu upphafið aftur á
ef mér kynni að líka þá!

Syngdu fagurt og syngdu lengi
sorg og fögnuð í blendingi
snertu hljóðdimma dauðans strengi
dragðu einlægt af röddinni
raulaðu dauft með raunasvip
rétt sem þitt brotnað hefði skip.

Af því hann dó er skáldaskipið
skreytti gullbúnum reiða með
er sá nokkur sem ei fær gripið
að skáldmenn hafa ei betra séð?

Íslending skáld eg engan finn
á við Jónas og Bjarna minn.

[...]

Þrekverkið stóra, þess er gjörði
þykir mér vera bókin sú
hafi sá þökk er hana kjörði
handa bræðrum með veika trú
höfundsins rómur heldur skær
í henni finnst og skálda blær.

Eg var í flokki Íslands meyja
undi skáldanna snillisöng
nú er eg flutt til Fagureyja
og finnst mjög skjaldan tíðin löng
samt vantar mig þar þröstinn þinn
að þylja mér angurbliðmælin.

Líka var eg píka í peysu
pilturinn minn varst ekki þú
ástin sumra fær eiturkveisu
erlendis gleyma mey og trú
eg á mér sögu, stirðan stúf
starð' ekki á mig með grænan skúf.

Syngdu fyrir engilinn minn
í öðrum heimi
og seg þú honum að eg uni
hjá elskuverðum hjartans vini.

Eg kem senn og eg kem brátt
eg held ævin flýti sér
gott er að vera sýkn og sátt
við synd og eynd þá héðan fer.

2.

Myndaspillir þú málur
manninn fríða svo ljótan
í þinn vesælings anda
anda drottins mun skarta.

Ennið þú afskræmt hefir
ættarsvipinn gjört styggvan
blíðu augun svo bitur
brýrnar eins og á Grettir.

Öll er myndin afgömul
ama kafin í skuggum
nefið nokkuð aflagað
næstum munnurinn þekkist.

Alltaf er Baldvin ungur
indæll, fökur og blíður
engilssvipur á enni
útvaldra myndum fegri.

Aldrei á ævi minni
eins sá eg þýðing mikla
um ásýnd ungra manna
sem á honum Baldvin.

Aldrei var Adam fegri
með ækusakleysi
þá guðsmyndin glöð og fögur
Guði var hlýðin.

3.

Alltaf er eg að eldast
ellin skírir mig Ljótunn
til þess aftur að yngjast
í uppheimi fögur brúður.

Alltaf ertu svo ungur
indæll, fökur og blíður
engilssvipur á enni
útvaldra myndum fegri.

Aldrei var Adam fegri
með æskusakleysi
þá guðsmynd, ný, glögg og fögur
um Guði var hlýðin.

Aldrei á ævi minni,
eins sá eg þýðing mikla
á ásýnd ungra manna
sem á honum Braga.

Brúkaðu sama svipinn
þá sé eg þig aftur
syngdu með sama rómi
svo eg þig þekki.

Ástin, fjör, afl og hreysti
einurð, glaðværð og blíða
skein bjart sem sól á sumri
sígóð við allt sem lifir.

Ekkert annað en vonin
um endurfundi og sælu
gat sefað harmi huga
þá horfinn mér varstu.

Hungruð var eg að heyra
herrans loforð og trúa
endurfundunum aftur
í eilífri gleði.

Ekkert annað en trúin
orkar að temja harminn
allt annað er menn reyna
ekkert dugir og svíkur.

Hann er sem sær við sanda
síkvíkur, æ vakandi
sefur ekki þó sofi
sálar hóbýlið þreytta.

Starði eg á himins stjörnur
starð' eg á höfund þeirra
trúði, huggaðist, hryggðist
harmurinn greip mig aftur.

Sjúk varð eg svo gekk lengi
svall um hjartað í barmi
eg gat samt ekki dáíð
sem ástarsjúk píka í sögum.

4.

Skín yfir landi sól á sælum degi,
eg séi að hér er gott og mikið um
því börn Guðs hittast blítt á ástarvegi
en brosa að aldri nokkuð misjöfnum.
Mælti það eldra mærin ungbjarta:
„Máske þú villist, komdu, heyrðu mér.
Eg á í brjósti ástríkt vinarhjarta
sem elskar þig og vildi fylgja þér.“
Horfir hún lengi hljóð á ferðamanninn
hvað ætli hún segi, henni mikið brá!:
„Blítt mun mér það að byggja sama ranninn
best er að segja góðum manni já.
Því hvar sem dáð og dygðir fagar gróa
dýrðlegt er þar að vera og una hjá
þar er æ sumar, sem að kvakar lóa
sælan býr þar sem drottins friður er.
Leiddu mig, vinur, láttu sorgir deyja
líttu inn í ástar hvíta barminn minn
enginn þar sem annað vildi segja
en að þú sért þar hjartans velkominn.
Ókvíðin óska, einungis vil vona.
Eg verð í dag þín brúður, mey og kona.“

5.

Ár hafa liðið fimm sinnum fimm
að fæddist þú í Reykjahlíð
átta síðust urðu dimm
aftur kemur betri tíð.

Eg óska þess í stirðu stafi
að styttest mæða, þraut og hryggð
og trúi fast að Guð þér gefi

gæfu fyrir þína dygð.

6.

Þegar átti að draga úr mér jaxlinn

Himins drottinn hlífi mér
við kvöl og öllum voða
því eg er soddan aumingi
ef einhvör færi að skoða.

Blessað augað opið datt
á ofur mjúkum hjörum
því kom eg með kossaskatt
að kærleiks blíðum vörum.

Augað hýra, gott og glatt
góðum spáir svörum
kemur því með kossaskatt
Kristrún þér að vörum.

Ástin sálir saman batt
með sæluvonar hjörum
þá er yndi það er satt
að þiggja koss af vörum.

7.

Mér fyrir sjón bar sýn í nótt
svo mér að gjörast tók órótt
á hvörju á má standa
andinn mér visku vakti þá
vildi mér skýra slíku frá
orsök slík væri án vanda.

8.

Sælunnar andi sannleiks þinn
sérhvörn minni á lærdóminn
er Jesú oss þú kenndir
sú heilög friðar huggun sú
hefir glóandi von og trú
til sælu Guðs blítt sem bendir.

Kærleikans blómið barnið hýrt
biður hér um að verða skírt
í Guðs og Jesú nafni
himnesk sáttmála heilög lind
hreinsa skal það frá eynd og synd
svo framför í sælu safni.

Veraldleg gleði Guð án þín
glepur og þreytir sálu mín
í kirkjunni hvíld hún hefur

því þú ert vegur lífs og ljóss
að lifa þar er æðsta hrós
guðræknum sem þú gefur.

Guð faðir Krists og kirkjunnar
kærleikans Guð og skepnunnar
eilífi alheims drottinn
helgaðu vora hugi nú
svo höfum þér verðug orð með trú
í verkunum sínum vottinn.

Guðs son kallar: „Komið til mín“
í kirkjuna sem af ljósi skín
ljósi Guðs lífsins orð
það lífi sálum hefji hug
svo hvör einn hljóti ráð og dug
syndum og sorg að forða.

9. [Hér kemur brot af kvæðinu um Bræðrasjóðinn¹]

Bræðrasjóður er barn í vöggu
blessist vísir þessi mjór
ef fóstrið hann með rausn og röggu
ríkur verður hann og stór.

¹ Hér er átt við Jarðabókarsjóð en uppistaðan í honum voru tekjur konungs af jörðum á Íslandi. Skilin milli ríkissjóðs og Jarðabókarsjóðs voru ekki skýr enda voru laun embættismanna greidd úr sjóðnum, sem og eftirlaun og kostnaður við heilbrigðismál.

Bróðir leggðu í bræðra sjóð
bið þú Guð um ávöxtinn
hans elska ef lifir í þér góð
ertu fús á góðverkin.

Bróðir leggðu í bræðrasjóð
beygðu nauman vilja þinn
um aldata mun ætt þín fróð
ef þú stoðar vísindin.

Bóndi leggðu í bræðra sjóð
barnið litla hann sonur þinn
uppsker mäske áform góð
sem áður sáði faðirinn.

Bróðir leggðu í bræðra sjóð
brenndu heldur kútinn þinn
í honum er illskustóð
sem á þig flýgur, piltur minn.

Hann eyðir líka fyrir þér fé
flæmir þig frá gæfunni
hreimasælan hvörgi sér
hæli þar sem kúturinn er.

Blessuð konan blíð og góð
Biddu væna manninn þinn
að bæta nokkru í bræðrasjóð
sem brúka snotru mannsefnin.

Meyjan fagra mjúk og rjóð
máske þú eigir skildinginn
bættu honum í bræðrasjóð
brúkaðu gamla klútinn þinn.

Ættgóð mærin menntaprúð
máske þig beygi fátæktin
hafir þú dygða skart og skróð
skilur það lærði pilturinn.

Klerkar sjóðinn sjái á
síst munu þér ganga hjá
það sé þeirra mesta mæti
að mæna eftir Guðs réttlæti.

Biskupar með bagal sinn
blessi vöggusveininn minn
og velji honum fóstrur frómar
sem fari vel með helga dóma.

Buðlungur með brugðið sverð
búinn út í landaferð
verndi hann minn vöggudrenginn
veit eg honum grandar enginn.

Buðlungs fagur búíð lið
bæti sjóðinn líka við
það skal verja fengið fé
fyrir höndum stelandi.

Kaupmenn vænu komið þið
kaupmann Bjarna jafnist við
hvör sem hefur sæmd og seim
sæki þurfalinginn heim.

Landið áður átti sjóð
öll þá sváfu ráðin góð
Gilpin kom og greip hann burt²
gat af landi komist þurrt.

Fyrir hvað kom sjóður sá?
segðu blessuð ama frá
fyrir biskup, fyrir Hóla

² „[Á]rið 1808 kom breskt víkingaskip, *Salamine* að nafni, til Íslands. Skipstjórinn var Thomas Gilpin, og hafði hann á brott með sér 39.994 rd. úr Jarðabókarsjóðnum. Peningunum var skilað aftur 1811, og er ekki að sjá, að atburður þessi hafi verið í neinum tengslum við innlimunaráform Breta“ (Anna Agnarsdóttir, „Ráðagerðir um innlimun Íslands í Bretaveldi á árunum 1785–1815“, *Saga* 1/17 (1979): 5–58, s. 27).

fyrir Norðurlandsins skóla.

Hvört heyri eg öll ósköpin

átti að selja biskupinn?

Reyndar kom það ei til orða

það var selt sem átti að borða.

Hvör var það er seldi svo

og sjálfur átti?

Æi, segðu meira, meira

mig langar svo til að heyra.

Landsfaðirinn seldi svo

og sjálfur mátti

við börnin gjöra sem honum sýnist

saga mín um þetta týnist.

[...]

Sú sem raular svona

við hann sjóð í vögg

hefur á kolli út hári flétu

hún er dóttir manns á Slétu.

10.

1.

Vakni allt sem vakað getur

veglegt upp í sálinni.

Sofni allt sem lækkar letur

líkam minn á jörðunni

svo eg Jesú sjái betur

sigur þinn í þínunni.

2.

Himinsælu hreinir straumar

hreinsi, svali, lífgi mig

heims áhyggju dimmir draumar

dragist burtu og feli sig

svo í næði sálin auma

sjái drottinn Jesús þig.

3.

Þegar eg lít þig í síðsta sinni

seðja brauði vini þín

og hella á það helga minni

sem hér enn drekka bræður þín

þá er sem eg sjái og finni

synda kvittun þeirra og mín.

4.

Hjartasorg og heilagleiki

hefur Jesú skinið frá

en hans eina ráð á reiki

þeir ræddu hljóðir, spurðust á
hryggðin er svo heilnæm veiki
sem hirtir, hvetur, minnir á.

5.

Hverninn skyldi sálin sjúka
við synd og efa verða kvitt
nema fyrir Guðs miskunn mjúka
og mannsins trú á loforð þitt
að þegar menn hér lífi ljúka
ljúkist þeim upp ríkið nýtt.

6.

Eg vil skoða, eg vil skilja
Jesú endurlausn og pín
en guðdóms veru geislan skilja
svo glapnast skilnings sjónin mín
bið eg drottins vísa vilja
veita mér trú og skarpa sýn.

7.

Þegar hörmung, hrygg og pína
hrekja vitið til og frá
vonarstjörnur detta og dvína
dimma lífsins fellur á
Guð lát sannleiks sólu þína
sálu minni lýsa þá.

8.

Trúin er skin frá sannleiks sólu

sem að verður öllum léð
hennar vinir upp oss ólu
til elsku Guðs við sakleysið
en bernska og syndir fyrir oss fólu
frelsi Guðs og rósamt geð.

11.

Brúðguminn tryggðum heitir hér
hjartað því gaf úr brjósti sér
blíðu brúðinni sinni
hún játar því með hug og raust
honum að unna fölskvalaust
á allri ævi sinni.

12.

Við kaupmann Hemert sem léði mér og börnunum kápu sína, eg og þau sátu í
skipi

Kápan þín skýldi mér og mínum,
miskunn Guðs hlífi aftur þínum
niðjum og öllum ástvinum,
fyrir syndum, sorg og kvíða
samt læri drottins boðum hlýða,
þá er allt fengið Maður minn,
vertu í Guðs friði Góðfús minn,
heill, komdu að ári Hemert minn.

13.

Ef sannleikur er ei sannur þinn
svikinn væri þá andi minn
örvingli ofurseldur
en eg trúi á þín heilög heit
því hvör sem reynir, sér og veit
að herrann sín loforð heldur.

En hvört er stærsta heiti þitt?
haldið að lífga, vekja upp aftur mig
og eilífri sælu seðja
það er gersemi Guðs á jörð
að geta trúað á þessi orð
Guðs vini mun það gleðja.

Þegar útrennur æskuskeið
á það að rata þessa leið
að Guðs og Krists altari
staðfest í trú og helgum sið
halda fast drottins lærdóm við
fram svo ævina fari.

14.

Eign sína finnur andi minn
í orði þínu Guð drottinn
og unan eftir þráða

það rétta ljós en ekki fyrr
eilíft líf, sannleik, veg og dyr
gegnum heimana báða.

15.

Fyrir skriftir

Frelsis höfundur Frelsarinn
frelsaðu mig af syndunum
laus sé eilífur andi
svo þekkir þú aftur þína mynd
þvegna iðrunar tíra lind
í heilagri hlýðni standi.

16.

Til jómfrú Havsteen (í ...)

Útlendir koma Ísland til að stoða
eldgos og Geysir fegnir vilja sjá
jökla, fjöll, steina, vatns- og eldavoða
það versta helst er blessað landið á
en sinna lítt um siðu og velferð manna
segja með skopi vandkvæðunum frá
sá sem vill lækna sárin þarf að kanna
og sjá hvar meinabótin er að fá.

Þú komst til Íslands ættmenn þína að finna
og ástríkustu systir dvaldir hjá
þó gaman sé með góðum þarft að vinna
gleðin samt óskar meir og meir að fá.
Æ! raunafjöldi reið að húsabaki
rammur að afli þeysti að hurðunum
öflugur byr sá enginn undir þaki
að úthýst geti sótt og dauðanum.

Það er svo gott að geta verið góður
og gleðja þá sem manni búa hjá
og veita öðrum vináttunnar fóður
og velta í lagið öllu því sem má
það skilur þú mín vina Vilhelmína
þú veldur skemmtun, gagni undir eins.
Kristrún þín saknar, hverfi frá þér þína
kvæðið er stutt og ekki þér til neins.

17.

Senn

Æ, þú mín blessuð sæla sól
sjá þú ert komin enn
þitt hefur runnið hraðfært hjól
um himinbogann enn.
Velkominn vertu enn

væn ertu við mig enn
gleður mig, vermir, lýsir mér og hressir.

Ó, að eg veg Guðs, æ sem þú
um gæti farið rétt
og verk mín öll með ást og trú
eins gæti starfað létt
á mínum iðjublett
í frelsi guðs og faðmi blíðra vina.

Ó, ferðakonan fjöruga
þú fagurbeltuð sól
enn hvað það rennur óðfluga
þitt óstillanda hjól
og hvört eitt fífl og fól
og hvört eitt heims um ból
dýrð þína skæru daglega fær að líta.

Ó að eg veg Guðs æ sem þú
um gæti farið rétt
og verk mín öll með ást og trú
ei eg gæti starfað létt
á mínum iðju blett
í frelsi Guðs og faðmi blíðra vina.

Þó kýs eg vera sál ei sól
svo veit eg hvað er mitt
í Guðs dýrð hefi eg skin og skjól
þá skinið missi eg þitt
og allt bætt annað hitt
er áður leyndist mér á þeirri dimmu jörðu.

Hvört fyrstu fóstur fagurheims
þá frelsarinn vor leið
vissu byggjendur þínir þá
hvað þessum heimi leið?
Mörg er gatan ógreið
sem Guð mun leysa upp með sínu ljósi.

Eg aumka þá sem ætíð nótt
um alla daga sér
Guð minn gefðu honum þrek og þrótt
að þola myrkrin hér
ljósið lifir hjá þér
sem lifandi óróinn brosir við í myrkri.

Eg aumka þá sem sér þig sól
en sér þó ekki þann
sem allra heima hrærir hjól
og hjúkrað öllu kann
geim skoðar gjörvallan

og grannt sér inn í trúarinnar myrkur.

18.

Gráttu ekki góða mey

Guð vill þig hugga

þú situr uppi og sefur ei

í sorga nætur skugga

eg kem og hef ei hátt,

heyrirðu til mín.

Allra fyrst eg aumka þig,

upp tel með þér þrautir,

en sorgin flytur sjálfa mig

á sömu harma brautir,

þá eg sé tár og trú

takast á við þig.

Þú grætur mjög og segir sárt

síblíða móður

gefðu þína ofurást

öðrum svanni góður,

sá sem þig huggar helst

hana á og þig.

19.

Eftir dag kemur kvöld
eg kem að svala þér
svo verð eg hjá þér öld frá öld
ást mína að rétta þér
þá sérðu það sem er
að Hugarún elskar þig af öllum huga.

20.

Hvört sem þú auganu aðgætinn vinur
almætti drottins og speki þú sér,
og ef að þú hvaðeina athuga nennir,
utan við regluna hvörgi það fer.
Horfðu upp í loftið hvar fuglinn sér fleytir!
furðar þig ekki hans örsnara flug?
Allt eins og snekkjan í ólgusjá beitir
eru honum fjaðrir líkt seglum í dug.
Þorskurinn stýrir með spriklandi sporði
spretthörðu skeiði í hafinu blá
marghreyfir uggum svo fjörinu forði
fyrir þeim vargi er honum vill ná.
Farðu þar sem þér er stætt,
þjóttu ekki úti hylinn, þar sem einum vel er vætt.

21.

Þá Kristján konungur dó

Konungur konunga
Kónginn þann vísa
hafðir til himnanna
hvar því skal lýsa
að hann í heimi hér
hélt sér við þig.

Hvað er svo skjaldgæft skraut
í skammvinnnum heimi
sem viska, dygð á dáða braut
í dýrð, vegsemd og seimi
þá ekkert amar að
uggir hvör minnsta.

Eg aumka hvörn mann er sér þig,
en sér þá ekki þann
sem allra geima hrærir hjól
og hjúkra öllu kann
geim skoðar gjörvallan
og glæðir vonar ljós
í trúarinnar miskunn.

22.

Blómstra rosabugur
baug á kringum sól
kæti hvattist hugur
komin þóttu jól
þeim er sáu silki ey
svo varð hún fögur
svo varð hún ung
sem hún væri mey.

Fertug var þó frúin
fokin æskublóm
ásýnd orðin snúin
af angurs tíra dóm
alvaran byggir bros og svip
þykir þér ekki elskan
eign í þessum grip.

23.

Hér er höfðingjabragð að blóta
bölva djúpt hvörju smáræði
kallmennskan virðast þessum þrjóta
í þýðmennskunni og siðprýði.
Hlæjandi slarka hálffullir
hæðast einkum að bindindi.

Veslingur hefur sama siðinn
hann segir: „Eg er fullorðinn
og allt eins vel og annar liðinn
sem aldrei sýpur á pelanum.“
Hlæjandi slarkar heilfullur
í hamingjuttauti gubbandi.

Það er nú allt annað mál
um hann (sankti) og þenna Pál
að ganga eftir guðsboðum
eða gjöra þau að fleipum.

24.

Þú vildir ferðast vinur kæri
og vera líkum þínum hjá
þá kom byr sem barnið bæri
burtu jarðar dufti frá.

Himnesk börn þér horfðu móti
hvört eitt sagði gleð þú þig
engin misklíð, yndi njóti
æi, leiktu þér við mig.

Jarðarbörnin einatt eru
ósamþykkt í kætinni
en friðar blómin góðu greru

hjá Guðs eilífu spekinni.

Því er synd að syrgja úr máta
sálina þá sem er hjá Krist
hættu að mögla, hættu að gráta
honum fær ei mig ...kist.

Hvör sem trúir herrans orðum
og heldur til sé eilíft líf
von hans má ei skrika úr skorðum
þó skirri hugann dauðans kíf.

Barnið sem þú grátinn grætur
geymt er vel en ekki misst
alla daga, allar nætur
áttu að biðja um sömu vist.

25.

1.

Ögmunds músa er oftast nær
óhrein skömm í fætur
því sjaldan átti sálin hans
siðprýðinnar dætur.

2.

Ögmunds geta getur um
grófa hluti stundum

hún er ekki handa þeim
hrein hjörtuðu sprundum.

3.

Þau hafa óbeit á honum
þó aldrei hafi séð hann
hann má fara úr heiminum
hvað á að gjöra með hann.

4.

Mér er gramt við manninn þann
sem mörgu spillti hjarta
ungling rak hann oft og þrátt
í ógæfuna svarta.

5.

Með spaugi kenndi hann lasta leið
en lést þó dygðum unna
þeir geta varast glæpa seið
sem guðsorð fyrri kunna.

26.

Eitt er efni tára
áhyggju og sára
ber í hljóði hér.

Ein sorg öllum stærri
aldrei sálu fjærri
Guð hana sjálfur sér.

27.

Stökur

Ég sat á móti 17 vetra brúður í veislu sem var svo glöð og áhyggjulaus, svo ég kenndi í brjóstum hana, líka sá ég margar konur sem áttu misjafnan hug, þá datt mér þessi bara í hug.

Kvíddu meyjja

kalt er að segja

úr konuríki.

Þá ástir deyja

þarftu þegja

þó þér ekki líki.

Áður og nú konurnar

(áður) Væn og fögur

(nú) veik og mögur

vissi eg hvöru tveggja.

(áður) Glöð við bögur,

söng og sögur

(nú) svo grét innan veggja.

Einu sinni kom ég þar sem konan lá á sæng og vinnukonan líka og átti húsbóndinn bæði börnin. Þá datt mér í hug þessi vísa:

Um margar konur í minni sveit

Undir bóndans holds og heims
hér þær búa valdi
(en) andans ráð og ástin blíða
ekki hafa neitt að þýða.

28.

Þegar ég fór frá Möðrudal, vestur

Skýjahattur á Herðbreið
hjúkrar, mjúkur fölum skalla
um fjöllin blá eg flýti leið
fýkur sandur um götupalla.

Ó hvað hlakkar hugur minn í hinsta sinni
að finna þau sem una inni
í ellikyrðar skemmtan sinni.

Fyrir sé eg feginsbros á fölum kinnum
og gleðitár í gömlu auga
sem guðrækni og elska lauga.

Þegar hún mamma sér mig sjálfa, segir hún ekkert nema grætur
faðir minn með friðarróminn
fyrst hann talar: „Ertu komin?“

29.

Við Sigríði mína í Viðey

Stundum er sætt að sakna og gráta
Sigríður mín í heiminum
eða vildir þú lausan láta
liðinn vin þinn úr huganum
ó, nei, ó nei, þó eynd og sorg
uppfylli þína minnis borg.

Við gröf í kirkjugarði í golu
veslings dökkva moldin mjúka
máttu gjarnan á mig fjúka
eftir stormsins vígin vild
þegar eg gjöri leiðum ljúka
lengi muntu kroppnum hjúkra
af því sem þið eruð skyld.

30.

Við manninn minn sem svaf en eg var andvaka

Þó nóttin sé dimm og dökk
dável sé eg þig í framan
sorgar undir myrkra mökk
man eg oft hið fyrra gaman.

Eg skal vera þér ofur góð
með ástarhjali við þig spauga
um þig kveða lipur ljóð
og lundblíð una í þínu auga.

Það er brúnt og það er blátt
þekur dökkvinn mest það hvíta
um það ræði eg ofurfátt
hvað inni það er gott að líta.

31.

Við Brynjólf Snorrason þegar hann kvaddi og reið úr hlaði

Heilum vagni heim að aka
heilsu og friði landi að taka
gefi yður sjálfur sá
sem yfir öllu veit að vaka
og vinar sælu ektamaka
er nú þetta ósk eða spá?

32.

Skrifað á stein í bæjarstéttinni

Jónas sat útá einum stein
engra meina kenndi
hafði hann krít og fuglabein

barnið litla í hendi.
moladangur ef sykur sér
svo ástúðlegur vinur mér
klappar og kyssir hendi.

33.

Við Tómas litla sem var að tína blóm handa föður sínum

Nú hefi eg til krans og kvæði
komdu sæll aftur pabbi minn!
Uppí Tindi við Úlla bæði
ótal fundum þér blómgullin.
Eg hef þau í glasi, heyrðu mér!
horfðu rétt á hvað fallett er.
Þetta allt vil eg þér nú gefa
þarna er fífill og eyrarrós,
bláklukkur, smára, humlahnefa
og hana sóley vallaljós,
lokasjóð, möðru, maríustakk
mér þætti vænt um bréf og lakk.

34.

Um koss

Gefðu mér þá koss fyrir koss
Krists vinátta sé með oss

fyrst mér er svo mikill kross
að mega eiga sjálf minn koss.

35.

Mátti

En þó eg skrifi um Grána greyið
getur þér þótt svo mjög lítið?
Góði vinur, þér satt eg segi
sér er nú það hvört prentfrelsið
okkar kvennanna aumingja
undir valdinu kallmanna.

36.

Eftir dag

Nú kemur aftur kvöld í kvöld
eg kem að svala mér
svo verð eg hjá þér öld frá öld
ást mína að votta þér
þá sérðu það sem er
að konan elskar þig af öllum huga.

37.

Við gömlu Setselju

Þú flýrð ekki hjá Kristi krossi
en kafar öndvert móti fossi
til að mýkja mæðu og pín
bræðra þinna best sem getur
brúðurin er ei hrædd við vetur
svoddan hras á Setta mín.

38.

Þeir sem í öskunni ástina kyssta
en aftur þann blíða fögnuðinn missta
komd' ekki við það grátnæma geð.

Láttu þá gráta og gráta svo lengi
að geti þeir skilið að manneskja engi
fær þeim stað veitta þá Guð vill ei með.

Þeir huggast um síðir og hætta að kvíða
hafi sakleysis engilsins blíða
fylgt þeim um ástanna indælu leið.

Með himneskum fögnuð þeir taka að trúá
að til sé staður hvar þeir skuli búa
sem hittust og skildu á hértistar leið.